

# Um ótilhlýðilega hagsmuni í umfjöllun Hæstaréttar

Eftir Vilhjálmm Bjarnason



Vilhjálmur Bjarnason

**"...að sjálfur Hæstiréttur skuli leyfa sér að fjalla ekki um einstakar málsástæður og kveða upp dóm án laga."**

TILEFNI þessarar greinar er dómur Hæstaréttar í máli nr. 228/2009, þar sem undirritaður leitaði réttar síns gegn stjórn Glitnis banka hf. vegna örlætisgernings stjórnarinnar við kaup á hlutabréfum af fráfarandi bankastjóra. Málsástæður stefnanda, sem er greinarhöfundur, voru um grundvallaratriði félagaréttar; jafnræði hluthafa og ótilhlýðilega hagsmuni. Í hlutafélagalögum er á tveim stöðum fjallað um ótilhlýðilega hagsmuni einstakra hluthafa. Í 76. gr. hlfl. er eftirfarandi ákvæði: „Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.“ Í 95.gr.hlfl. er eftirfarandi ákvæði:

„Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.“ Ótilhlýðilegir hagsmunir verða til þegar einstökum hluthöfum er úthlutað af eigum félagsins umfram aðra hluthafa. Í 98. gr. hlutafélagalaga eru ákvæði um á hvern hátt fjármunum félagsins skuli úthlutað til hluthafa: „Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.“

Í dómsmáli sem höfundur þessarar greinar höfðaði gegn stjórn Glitnis banka hf. vegna örlætisgernings stjórnar bankans við fráfarandi bankastjóra og hluthafa átti að fjalla um ótilhlýðilega hagsmuni, sem honum voru úthlutaðir með því að kaupa hlutabréf af bankastjóranum á um 550 milljón kr. hærra verði en markaðsverði bréfanna á viðskiptadegi. Með þessum gerningi var í raun verið að úthluta bankastjóranum sérstökum arði umfram aðra hluthafa. Málalítilbúningur stefnanda í þessu máli byggðist í höfuðatriðum á ákvæðum 76. gr. og 95. gr. hlutafélagalaga um ótilhlýðilega hagsmuni. Því til viðbótar var ágreiningsefni hvort

heimild aðalfundar til kaupanna uppfyllti ákvæði 55. gr. hlfl. um verð og fjölda hluta og hefur verið rakið í annarri grein.

Lögfræði eru ekki geimvísindi og niðurstaða dómsmála byggist oft en ekki á skynsemi siðaðra manna þar sem annar hvor málsaðila er siðblindur.

Stefnendur ætlast til þess af dómstólum að dómara fjalli um málsástæður. Í málinu gegn stjórn Glitnis banka hf. fjallaði dómari í Héraðsdómi um þessa málsástæðu en þegar málið kom til Hæstaréttar var ekki fjallað um þessa málsástæðu í einu orði. Eftir að rétturinn hafði með gúmmíkenningu sinni ákvarðað að breytilegt verð og breytilegur fjöldi hluta í aðalfundarsamþykkt uppfyllti ákvæði um fasta tilvísun um verð og fjölda hluta í 55. gr. hlfl., og hafnað jafnræði hluthafa með því að túlka undantekningarákvæði 55. gr. hlfl. frjállega, taldi rétturinn ekki ástæðu til að halda áfram og fjalla um jafn viðkvæmt mál og ótilhlýðilega hagsmuni. Í dómnum er talið að einstakir hluthafar geti ekki átt rétt á skaðabótum, þvert á skaðabótakafla hlutafélagalaga, án þess að það sé rökstutt á nokkurn hátt. Það er þó ein vonarglæta í dómnum; „Ef frá er talin málsástæða hans, sem lýtur að broti gegn reglum um jafnræði hluthafa og afstaða hefur þegar verið tekin til, er þeim það sammerkt að þær eru reistar á ávirðingum í garð áfrýjenda vegna starfa þeirra í stjórn Glitnis banka hf., sem gætu ef réttar væru fellt á þau skaðabótaábyrgð gagnvart félaginu eða eftir atvikum refsíabýrgð, en ekki skaðabótaskyldu gagnvart einstökum hluthöfum. Verða áfrýjendur því sýknuð af kröfum stefnda.“

Með ávirðingum stefnanda í garð áfrýjenda er átt við játningar þeirra og lögmanns þeirra um að tilgangurinn með kaupum á hlutabréfum af fráfarandi bankastjóra hafi verið markaðsmisnotkun, þ.e. að koma í veg fyrir verðlækkun á hlutabréfum í Glitni banka hf. Rétt er að bíða og vona að sérstakur saksóknari og skilanefnd Glitnis banka hf. hugi að ótilhlýðilegum hagsmunum einstakra hluthafa.

Það er aldeilis hreint óþolandi þegar þegar þessa lands leita réttar síns fyrir dómstólum, að sjálfur Hæstiréttur skuli leyfa sér að fjalla ekki um einstakar málsástæður og kveða upp dóm án laga.

Höfundur er þolandi réttarfars og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta.